



Yfirtaka Arion banka hf. á TravelCo hf., Heimsferðum ehf. og Terra Nova Sól ehf.

I.

Málavextir og málsástæður

Með bréfi sem barst Samkeppniseftirlitinu þann 20. júní 2019 var tilkynnt um yfirtöku Arion banka hf. (hér eftir Arion banki, eða bankinn) á TravelCo hf., Heimsferðum ehf. og Terra Nova Sól ehf. (hér eftir sameiginlega vísað til sem TravelCo). Aðdraganda samruna þessa má rekja til fjárhagslegra erfiðleika TravelCo og vanefnda félagsins við Arion banka, sem var helsti kröfuhafi TravelCo. Meðal trygginga fyrir skuldbindingum TravelCo gagnvart Arion banka var veð í öllu hlutafé innan samstæðunnar. Að endingu gekk Arion banki að veðum og yfirtók TravelCo samstæðuna.

Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 1. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Um svokallaða styttri samrunatilkynningu var að ræða skv. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Jafnframt hafði verið óskað eftir heimild til þess að framkvæma samrunann áður en tilkynning og samrunaskrá var afhent. Var sú undanþága veitt með bréfi, dags. 28. júní 2019.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir sjónarmiðum frá keppinautum TravelCo um samrunann varðandi afstöðu þeirra til upplýsinga í samrunaskrá, auk upplýsinga til að meta markaði sem TravelCo starfar á. Með bréfi, dags. 2. ágúst 2019, tilkynnti Samkeppniseftirlitið Arion banka að stofnunin teldi ástæðu til þess að rannsaka frekar samkeppnisleg áhrif samrunans.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við Arion banka hafa leitt til þess að bankinn hefur gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að sett eru skilyrði fyrir þeim samruna sem um er fjallað í máli þessu, en nánar er fjallað um þau í niðurstöðukafla og ákvörðunarorðum þessarar ákvörðunar. Sáttin er dags. 23. september 2019.

II.

Samruninn



Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti. Að mati Samkeppniseftirlitsins felst tilkynningarskyldur samruni í yfirtöku Arion banka á TravelCo, enda eru veltumörk laganna uppfyllt.

1. Samrunaaðilar

Arion banki er viðskiptabanki og með starfsleyfi sem slíkur skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir sem slíkur eftirliti fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt því sem fram kemur í samrunaskrá eru tekjusvið bankans fjögur; viðskiptabankasvið, fyrirtækjasvið, eignastýring og fjárfestingarbankasvið. Sem hluta af kjarnastarfsemi á bankinn að auki meðal annars dótturfélögin Stefni hf. og Vörð tryggingar hf. Bankinn er einnig eigandi Valitor Holding hf.

Bankinn hefur verið skráður í kauphöll á Íslandi og í Stokkhólmi, Svíþjóð, síðan í júnímánuði 2018, og er eignarhald hans því mjög dreift, en hluthafar eru yfir 6.000. Bankinn birtir yfirlit á heimasíðu sinni yfir þá hluthafa sem eiga meira en 1% af hlutfé bankans, í samræmi við ákvæði 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt samrunaskrá, sem styðst við upplýsingar á heimasíðu bankans þann 25. júní 2019, eru fimm stærstu hluthafar í bankanum Kaupskil ehf. (20,00%), Taconic Capital Advisors UK LLP (16,03%), Och-Ziff Capital Management (7,25%), Gildi – Lífeyrissjóður (4,73%) og Stoðir hf. (4,65%). Eins og sjá má hefur enginn aðili yferráð yfir Arion banka með eignarhlutdeild sinni í bankanum, og telur bankinn jafnframt að yferráð yfir bankanum séu ekki heldur til staðar vegna annarra atriða. Í engu tilviki á einstaklingur a.m.k. 10% hlutfjár í framangreindum hluthöfum, hvorki beint né óbeint.

TravelCo hf. er eignarhaldsfélag, sem á og rekur ferðaskrifstofur á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Samkvæmt samrunaskrá var félagið að fullu í eigu Andra Más Ingólfssonar (hér eftir AMI), að undanskildum einum hlut sem var í eigu Valgerðar Franklínisdóttur, eiginkonu AMI, áður en til fullnustu Arion banka kom. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er rekstur og eignarhald á fyrirtækjum, kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með hlutabréf, hluti í félögum, önnur verðbréf og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Samkvæmt samrunaskrá eru eftirtalin félög undir yferráðum TravelCo:

- a) Primera Finland Oy sem er finnskt eignarhaldsfélag sem er eini hluthafinn í finnska rekstrarfélaginu Primera Holidays Oy. Prime Holidays Oy er ferðaskrifstofa sem starfar við skipulagningu millilandaferða undir vörumerkinu Matkavekka, frá Finnlandi til erlendra áfangastaða
- b) TravelCo Holding ApS sem er danskt eignarhaldsfélag sem er eigandi alls hlutfjár í Primera IT ApS og TravelCo Nordic AS.
 - a. Primera IT ApS var áður félag sem hélt utan um rekstur tölvukerfa samstæðunnar er þær eignir hafa nú verið færðar inn í TravelCo Nordic AS.
 - b. TravelCo Nordic AS er ferðaskrifstofa sem starfar við skipulagningu millilandaferða undir vörumerkjum Bravo Tours, Sun Tours og Solresor, frá Danmörku og Svíþjóð til erlendra áfangastaða.



- i. Bravo Air Broker ApS er félag sem hafði þann tilgang að hafa milligöngu um kaup á þjónustu frá flugfélögum fyrir samstæðuna, en nú fara þau kaup í gegnum rekstrarfélögin sjálf.
- ii. Solia AS er ferðaskrifstofa sem starfar við skipulagningu millilandaferða undir vörumerkjum Solia, frá Noregi til erlendra áfangastaða.
- iii. Heimsferðir ehf. er ferðaskrifstofa sem starfar við skipulagningu millilandaferða, frá Íslandi til erlendra áfangastaða. Starfsmenn eru um 32 að meðaltali. Heimsferðir ehf. hefur fengið útgefið ferðaskrifstofuleyfi frá Ferðamálastofu.
- iv. Terra Nova Sól ehf. er ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í skipulagningu ferða til Íslands, Noregs og Finnlands. Starfsmenn eru um 32 að meðaltali. Terra Nova Sól ehf. hefur fengið útgefið ferðaskrifstofuleyfi frá Ferðamálastofu.

Tvö síðastnefndu félögin hafa starfsemi á Íslandi.

2. Markaðir málsins

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markaði út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar.

Að mati samrunaaðila mun samruninn ekki hafa áhrif á samkeppni á neinum af þeim mörkuðum sem starfsemi þeirra eða tengdra aðila tekur til, þar sem starfsemi þeirra skarist ekki með neinum hætti.

Hvað vöru- og þjónustumarkaði málsins varðar, kemur fram í samrunaskrá að Arion banki sé viðskiptabanki og starfi á viðskiptabankamarkaði. TravelCo starfi á markaði fyrir eignarhaldsfélög. Heimsferðir starfi á markaði fyrir sölu innlendra ferðaskrifstofa á skipulögðum hópferðum til og frá Íslandi með leigu- eða áætlunarflugi. Terra Nova Sól starfi ekki á sama markaði og Heimsferðir, þar sem starfsemi félagsins snúi að sölu ferða til Íslands, Noregs og Finnlands, og því starfi félagið á markaði fyrir ferðaskrifstofur sem sjái um skipulagðar hópferðir til framangreindra landa.

Um landfræðilega markaði málsins segir í samrunaskrá að samrunaaðilar telji rétt að skilgreina þann landfræðilega markað sem Arion banki, TravelCo og Heimsferðir starfi á sem landið allt, Ísland. Hvað varðar landfræðilega skilgreiningu markaða Terra Nova Sól ehf. telja samrunaaðilar að markaðurinn fyrir starfsemi Terra Nova Sól ehf. sé alþjóðlegur. Telja samrunaaðilar nægilegt að skilgreina landfræðilegan markað sem Evrópu.

Í ljósi niðurstöðu málsins og aðdraganda telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til framkvæma ítarlega rannsókn sem ella væri nauðsynleg til þess að taka afstöðu til markaða málsins. Þó er vakin athygli á að rök geta staðið til þess að afmarka bæði vöru- og landfræðilega markaði og undirmarkaði nánar.



Samkvæmt samrunaskrá, kváðust samrunaaðilar ekki hafa yfir að ráða upplýsingum um heildarstærð þeirra markaða sem Heimsferðir ehf. og Terra Nova Sól ehf. starfa á, eða upplýsingar um heildarverðmæti markaða. Var því borið við að ekki lægju fyrir opinber gögn sem unnt væri að byggja á við mat á markaðshlutdeild aðila eða stærð markaðar. Þá væri aðilum ekki kunnugt um opinberar upplýsingar sem gætu gefið vísbendingar um mögulega markaðshlutdeild fyrir sölu á ferðum til erlendra áfangastaða. Aðgengilegar upplýsingar sneru, samkvæmt því sem fram kom í samrunaskrá, fremur að fjölda ferðamanna sem koma til Íslands og ferðast hér á landi, sem og afkomu fyrirtækja sem sinna slíkum rekstri. Upplýsingar, aðgengilegar í gegnum vef Hagstofu Íslands, felli öll fyrirtæki sem skráð eru með ÍSAT atvinnugreinaflokkun 79 (Ferðaskrifstofur) í sama flokk, án aðgreiningar milli tegunda af ferðum sem aðilar selji.¹

Þá vísar samrunaskrá til fyrri ákvarðanna Samkeppniseftirlitsins um stærð markaða og hlutdeild Heimsferða ehf. og Terra Nova Sól ehf. á hlutaðeigandi mörkuðum. Kemur þar fram að skv. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2009 *Samruni Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. og Ferðaskrifstofu Íslands ehf.*, að hlutfall Heimsferða ehf. í heildartekjum fyrir tiltekið tímabil á skilgreindum markaði hafi numið um 25-30% af markaðnum og hlutdeild félagsins í heildarfjölda farþega hafi numið 35-40% á sama tímabili. Er það mat samrunaaðila að sú hlutdeild hafi síst aukist frá þeim tíma, enda hafi framboð á utanlandsferðum aukist. Sá markaður sem Terra Nova Sól ehf. starfi á sé umtalsvert stærri enda markaðssvæðið að mati samrunaaðila stærra og taki til fleiri landa. Samrunaaðilar kveðast ekki hafa ekki upplýsingar um stærð þess markaðar eða fjölda aðila sem starfa á honum. Með hliðsjón af veltutölum Terra Nova Sól ehf. megi þó gera ráð fyrir því að hlutdeild þess félags sé takmörkuð.

Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni eða forsendur til að andmæla eða staðreyna afstöðu samrunaaðila um markaðshlutdeild í ljósi niðurstöðu málsins enda starfa samrunaaðilar ekki á tengdum markaði.²

3. Yfirtökur fjármálaforrtækja á fyrirtækjum í óskyldum rekstri

Í kjölfar bankahrunsins árið 2008 lét Samkeppniseftirlitið yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum talsvert til sín taka. Nefna má í því sambandi álit nr. 3/2008, *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*, skýrslu nr. 1/2009, *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja*, og skýrslu nr. 2/2011, *Samkeppnin eftir hrún*.

Samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009, *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*, geta verið forsendur til íhlutunar í yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum, þótt markaðsráðandi staða verði hvorki til né styrkist. Umrætt mál varðaði samruna Vestia, dótturfélags NBI (í dag Arion banki), og Teymis (í dag Sýn). Samkeppniseftirlitið heimilaði samruna NBI og Teymis án skilyrða sbr. ákvörðun nr.

¹ Svo sem fram kemur í samrunaskrá gerir vefsíða Hagstofunnar grein fyrir því að alls voru 1011 fyrirtæki skráð í sama ÍSAT atvinnugreinaflokk árið 2017, og hafði þá fjölgað um 388 síðan árið 2014. Þá var gerð grein fyrir því að á vef Ferðamálastofu kæmi fram í skrá yfir leyfishafa skv. lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála að leyfishafar ferðaskrifstofuleyfa væru 380 talsins.

² Við meðferð málsins var þess óskað að samrunaaðilar upplýstu Samkeppniseftirlitið um helstu keppinauta TravelCo. Var þeim aðilum boðið að veita umsögn sína um mat samrunaaðila á skilgreiningum markaða og stöðu samrunaaðila á þeim mörkuðum. Umsagnir sem Samkeppniseftirlitinu bárust gáfu ekki ástæðu til að vefengja mat samrunaaðila eins og það birtist í samrunaskrá.



34/2009. Síminn, keppinautur Teymis, kærði niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Samkeppniseftirlitinu hefði borið að setja samrunanum skilyrði þar sem samruninn raskaði samkeppni með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c. samkeppnislaga. Um þetta segir í úrskurði áfrýjunarnefndar:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar skapast ýmis konar hætta á röskun á samkeppni ef ekki eru settar skorður við langvarandi eignarhaldi lánardrottna á borð við banka að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Sú röskun getur strítt gegn markmiðum samkeppnislaga og þar með hagsmunum neytenda ef fyrirtæki getur athafnað sig á markaði án eðlilegs aðhalds frá lánardrottnum sínum og eiganda. Telja verður að fjárhagslegur styrkur eigandans skipti hér máli og „þol“ hans til að bíða með að fá fjármagn sitt til baka þar til að önnur fyrirtæki á sama markaði hafa eftir atvikum veikst eða helst úr lestinni. Þá er ljóst að ýmis vandamál skapast við hagsmunatengsl banka, sem liggja víða, og þær miklu upplýsingar sem bankarnir búa yfir um samkeppnisaðila og eftir atvikum viðskiptamenn á markaði. Þá verður ekki horft fram hjá því að bankarnir eru stórir viðskiptavinir á þjónustumörkuðum og í núverandi ástandi eru mörg félög þeim tengd. Getur því skapast hætta á óeðlilegum gerningum og misnotkun þeirrar aðstöðu. Þótt það sé til bóta að eignarhlutir í félögum séu í höndum sérstaks dótturfélags banka leysir það ekki allan vanda.“

Taldi áfrýjunarnefnd að unnt væri að draga úr eða koma í veg fyrir framangreind óæskileg áhrif með því að setja samruna af þessum toga skilyrði:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar er nauðsynlegt að fyrirtækjum í eigu bankanna verði gert skylt að starfa eins sjálfstætt og unnt er á eðlilegum rekstrargrundvelli og að þeim verði ráðstafað innan eðlilegs tíma.“

Í úrskurði áfrýjunarnefndar í málinu var jafnframt vísað til þeirra óvenjulegu aðstæðna sem voru uppi í íslensku efnahagslífi í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Við þær aðstæður væri frekari ástæða til þess að grípa til íhlutunar vegna yfirtöku banka á fyrirtækjum.

Í kjölfar fyrrgreinds úrskurðar setti Samkeppniseftirlitið yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum skilyrði í allmörgum málum, sbr. t.d. ákvörðun nr. 6/2010 og 10/2010.

Þær aðstæður sem voru uppi í íslensku efnahagslífi í kjölfar bankahrunsins eru vissulega ekki fyrir hendi nú. Hins vegar liggur fyrir að yfirtaka banka á atvinnufyrirtækjum getur, nú sem áður, skapað samkeppnisleg vandkvæði á viðkomandi markaði. Við mat á máli þessu horfir Samkeppniseftirlitið einnig til þess að ferðaþjónusta er orðin ein meginstoð íslensks atvinnulífs.³ Samkvæmt Hagstofu Íslands nam hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu árið 2017 8,6%.⁴

³ Til marks um mikilvægi ferðaþjónustu má geta að settur var á fót samráðshópur fjögurra ráðuneyta um kerfislæg mikilvæg fyrirtæki
https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2018/08/23/metur_thorf_fyrir_vidbragdsaaetlanir/

⁴ <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/ferdathjonusta/ferdathjonustureikningar-2009-2017-1/>. Árið 2016 var hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu 8,1% og fór það ár í fyrsta skipti upp fyrir hlut fiskveiða og -vinnslu í



Hins vegar hefur komið fram að samdráttur hefur verið í ferðaþjónustunni. Má þar geta að samkvæmt frétt á heimasíðu Hagstofu Íslands, dags. 14. ágúst 2019, dróst fjöldi ferðamanna í júlí 2019 saman um 16% frá því júlí 2018. Á fjórum mánuðum, apríl til ágúst 2019, hefur ferðamönnum fækkað um 17% miðað við sama tímabil árið áður.⁵

Af ofangreindu má draga þá ályktun að sú atvinnugrein sem hin yfirteknu félög tilheyra, þ.e.a.s. ferðaþjónustan, sé ein af mikilvægustu atvinnugreinum íslensks efnahagslífs. Að sama skapi má sjá að ýmis teikn eru á lofti um erfiða stöðu ferðaþjónustunnar.

III.

Niðurstaða

Af framangreindu leiðir að yfirtaka Arion banka á TravelCo hf., Heimsferðum ehf. og Terra Nova Sól ehf. telst samruni í skilningi samkeppnislaga. Með vísan til umfjöllunar hér að framan telur Samkeppniseftirlitið að tilefni sé til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga vegna samrunans. Undir meðferð málsins lýsti Arion banki vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. laganna og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Hafa viðræður við samrunaaðila leitt til sáttar í málinu sem felur í sér neðangreind skilyrði sem sett eru fram í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin, sem ætlað er að vinna gegn hugsanlegum samkeppnishömlum, leysi hin samkeppnislegu vandamál sem af samrunanum kunna að stafa.⁶

Í fyrsta lagi er lögð sú skylda á Arion banka að selja TravelCo, eða þau félög sem tilheyra samstæðunni, eins fljótt og mögulegt er og í síðasta lagi innan tiltekinna tímamarka sem eðli máls samkvæmt eru háð trúnaði. Er eðlilegt að þátttöku banka í rekstri atvinnufyrirtækja séu settar þröngar skorður hvað tímalengd varðar, til að takmarka þá hættu á samkeppnisröskun sem almennt felst í yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum. Andspænis þessum augljósu hagsmunum verður einnig að meta hagsmunum bankans af því að hafa eðlilegt svigrúm til þess að viðhalda eða auka verðmæti þeirra eigna sem um ræðir.

Í öðru lagi er sáttinni ætlað að tryggja að upplýsingar frá Arion banka, í aðdraganda og á frumstigum sölufelis, orsaki ekki ósamræmi vitneskju (e. *information asymmetry*) milli mögulegra kaupenda sem leiða kann til röskunar á samkeppnisstöðu þeirra í milli. Af þeim sökum kveður sáttin á um gegnsætt og opið sölufeli.

Í þriðja lagi leiðir af sáttinni að Arion banka sé gert að fyrirbyggja mögulega samhæfingu í viðskiptastefnu TravelCo eða einstakra félaga samstæðunnar annars vegar og Arion banka og/eða atvinnufyrirtækja undir yfirráðum Arion banka hins vegar. Er af þeim sökum krafist að Arion banki komi TravelCo samstæðunni fyrir í sérstöku eignarhaldsfélagi, auk þess að kveðið er á um skipan og óhæði stjórnar í TravelCo félögunum. Þá er gerð krafa um að Arion banki sem eigandi félagsins setji því eðlilega

landsframleiðslu. <https://umraedan.landsbankinn.is/2018/06/22/Hagsja-Hlutur-ferdathjonustu-i-landsframleidslu-i-fyrsta-sinn-meiri-en-sjavarutvegs/umraedan/efnahagsmal/frett/>

⁵ <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/ferdathjonusta/skammtimahagvisar-ferdathjonustu-i-agust/>

⁶ Til nánari upplýsinga um markmið og tilurð skilyrði sem varða yfirtöku banka á fyrirtækjum má vísa til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins, sbr. t.d. ákvörðun nr. 31/2010, *Yfirtaka Arion banka á B.M. Vallá*.



arðsemiskröfu. Með framangreindu er reynt að tryggja eftir því sem framast er unnt og aðstæður leyfa, að TravelCo sé rekið sem sjálfstæður keppinatur og óháð Arion banka. Í sáttinni er jafnframt kveðið á um meðferð trúnaðarupplýsinga sem bankinn býr yfir um TravelCo og keppinauta og reynt að minnka líkurnar á hvers konar hagsmunaárekstrum.

Í skilyrðunum er loks að finna ákvæði sem leggur þá skyldu á Arion banka að taka upp innra eftirlit með því að skilyrðin nái markmiði sínu. Ber bankanum að tryggja að óháður aðili geti með trúverðugum hætti fylgst með framkvæmd skilyrðanna og gefið Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt. Eftirlit þetta er til viðbótar við hið almenna eftirlit sem Samkeppniseftirlitið hefur með því að fyrirtæki fari að ákvörðunum skv. samkeppnislögum.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Yfirtaka Arion banka hf. á TravelCo hf., Heimsferðum ehf. og Terra Nova Sól ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingu samrunans:

1.

Söluskylda og sölumáti

1.1

Frestur til sölu

Arion banki skal selja eignarhlut sinni í Félögunum eins fljótt og verða má og eigi síðar en []⁷

Samkeppniseftirlitið getur að undangengnu mati framlengt sölufrest skv. 1. mgr. æski bankinn framlengingar með umsókn til Samkeppniseftirlitsins. Í umsókn um framlengingu sölufrests skal rökstutt hvaða atvik gefa tilefni til frestunar sölu. Samkeppniseftirlitið getur óskað eftir því við eftirlitsaðila sem skipaður skal skv. 4 gr. sáttar þessarar að hann veiti Samkeppniseftirlitinu álit á því hvort mat bankans sé stutt fullnægjandi rökum.

1.2

Sölumáti

Verði Félögin seld á íslenskum markaði skal leitast skal við að selja eignarhlut bankans í Félögunum í fyrirfram skilgreindu, opnu og gagnsæju sölufarli.

Komi til þess að Félögin eða erlendar eignir verði seldar til kaupanda, eins eða fleiri, utan Íslands er ekki gerð slík krafa til afmörkunar sölufarlis.

Mat á því hvort kaupandi teljist erlendur skal þó fara fram í samráði við Samkeppniseftirlitið og eftir atvikum eftirlitsaðila. Mat Samkeppniseftirlitsins, og eftir atvikum eftirlitsaðila, skal liggja fyrir án ástæðulauss dráttar, og eigi síðar en 7 virkum dögum eftir að Arion banki afhendir framangreindum aðilum nægilegar upplýsingar um kaupanda til að mat geti farið fram.

Móta skal söluáætlun þegar við gildistöku ákvörðunar þessarar og hún kynnt Samkeppniseftirlitinu.

Eftirlitsaðili, sbr. 4 gr., skal fylgjast með sölufarlinu.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.



2.

Aðgerðir til að vinna gegn skaðlegum hagsmunatengslum

2.1

Almennt

Markmið ákvörðunar þessarar er að tryggja að eignarhald Arion banka á Félögunum skaði ekki samkeppni á þeim mörkuðum sem Félögin starfa og á tengdum mörkuðum á meðan Félögin eru undir yfirráðum Arion banka.

2.2

Eignarhaldi Félaganna skal falið sérstöku eignarhaldsfélagi

Eignarhlut bankans í Félögunum skal komið fyrir í sérstöku eignarhaldsfélagi í eigu bankans. Skal það gert eigi síðar en []⁸.

2.3

Skyldur Arion banka og eignarhaldsfélags Félaganna

Arion banki, Eignabjarg ehf., eða eftir atvikum annað eignarhaldsfélag í eigu bankans sem fer með eignarhald bankans í Félögunum, skal lúta eftirfarandi skilyrðum:

- a) Stjórnarmönnum Arion banka eða stjórnarmönnum í því eignarhaldsfélagi bankans sem fer með eignarhald bankans á Félögunum er óheimilt að grípa til ráðstafana sem dregið geta úr viðskiptalegu sjálfstæði Félaganna eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum sem Félögin starfa á.
- b) Stjórn og starfsmönnum Arion banka og stjórnarmönnum eignarhaldsfélags Félaganna er óheimilt að beina fyrirmælum, tilmælum eða ábendingum til stjórnarmanna eða starfsmanna Félaganna sem miða að eða geta haft þau skaðlegu áhrif sem tilgreind eru í a-lið.
- c) Stjórnarmenn og starfsmenn eignarhaldsfélagsins skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni skal hlutaðeigandi lýsa því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sáttinni og hann heiti því að virða þau að öllu leyti að viðlagðri ábyrgð.
- d) Ákvæði a og b liða gilda einnig um aðra starfsmenn Arion banka en þá sem sitja í stjórn eignarhaldsfélags bankans í samskiptum við Félögin. Einnig skulu ákvæði a og b liða gilda um mögulega aðkomu stjórnarmanna Arion banka að Félögunum.

2.4

Sjálfstæði stjórnar Félaganna

Við skipan fulltrúa í stjórnir Félaganna skal stuðla að samkeppnislegu sjálfstæði þeirra með eftirfarandi hætti:

⁸ Fellt út vegna trúnaðar.



- a) Meirihluti stjórnarmanna í Félögunum skulu vera óháðir Arion banka. Stjórnarmenn teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum, fyrirtækjum sem bankinn hefur yferráð yfir, eru ekki makar stjórnarmanns eða stjórnanda hjá framangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar, eða standa slíkum stjórnarmanni eða stjórnanda svo nærri að öðru leyti að sambærilegt geti talist. Stjórnarmaður skal ekki teljast óháður ef hann er verulega háður bankanum eða fyrirtækjum sem bankinn hefur yferráð yfir. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa umtalsverðan hluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði.
- b) Þrátt fyrir framangreint skilyrði a-liðar skal Arion banka heimilt að skipa starfsmenn bankans að meirihluta í stjórn Félaganna næstu []⁹ mánuði frá undirritun sáttarinnar. Arion banka skal heimilt að óska eftir framlengingu á framangreindu tímabili, séu fyrir því málefnalegar ástæður sem rekja má til söluferlis, eða endurskipulagningar á fjárhag Félaganna. Arion banki skal leggja fram ósk um framlengingu heimildar eigi síðar en tveimur vikum fyrir lok framangreinds tímabils.
- c) Stjórnarmenn, sem sitja í stjórn Félaganna fyrir tilstuðlan eignarhlutar Arion banka, skulu staðfesta með undirritun yfirlýsingar að þeir hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari og heita því að virða þau að öllu leyti að viðlagðri ábyrgð.

2.5

Arðsemiskrafa og kjör bankans gagnvart Félögunum

Aðkoma Arion banka að starfsemi Félaganna skal alfarið byggjast á viðskiptalegum forsendum.

Eftir að fjárhagslegri endurskipulagningu er lokið og uns Félögin hafa verið seld úr hendi bankans, skal hann gera viðhlítandi arðsemiskröfu til Félaganna og koma henni á framfæri við stjórn Félaganna. Viðhlítandi arðsemiskrafa skal ákvörðuð með viðurkenndum fjármálalegum aðferðum og/eða taka mið af arðsemiskröfu sem gerð er til sambærilegra fyrirtækja, að teknu tilliti til fjárhagslegrar stöðu Félaganna.

Arion banki skal gera formlega samninga um allar lánveitingar til Félaganna, þ.m.t. um rekstrarfjármögnun og fjármögnun fastafjármuna. Öll kjör og önnur fyrirgreiðsla Arion banka að þessu leyti sem samið er um eftir dagsetningu sáttar þessarar, skulu vera líkt og um óskylda aðila sé að ræða.

2.6

Tryggja skal sjálfstæði Félaganna gagnvart tengdum fyrirtækjum

⁹ Fellt út vegna trúnaðar.



Tryggja skal fullt sjálfstæði milli Félaganna annars vegar og keppinauta og mikilvægra viðskiptavina Félaganna sem eru eða munu verða, að fullu eða hluta, í eigu Arion banka (nefnd hér eftir „tengd fyrirtæki“) hins vegar.

Arion banka er þannig óheimilt að sameina rekstur Félaganna við önnur dótturfélög sem nú eru í eigu Arion banka eða bankinn kann að eignast eða ná yfirráðum yfir síðar, án samþykkis Samkeppniseftirlitsins.

2.7

Óheimilt er að hlutast til um viðskipti á milli Félaganna og tengdra fyrirtækja

Ef um er að ræða viðskipti á milli Félaganna og tengdra fyrirtækja (sbr. skilgreiningu í gr. 2.6) skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli ótengdra aðila væri að ræða. Hvorki bankinn né eignarhaldsfélagið skulu hafa afskipti af viðskiptum á milli Félaganna og tengdra félaga. Er bankanum þannig t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að Félögin beini viðskiptum til tengdra fyrirtækja. Jafnframt er bankanum óheimilt að stuðla að því að tengd fyrirtæki eigi viðskipti við Félögin.

2.8

Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti á milli Félaganna og viðskiptavina bankans

Bankanum er óheimilt að hafa afskipti af viðskiptum milli Félaganna og annarra viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir hans beini viðskiptum sínum til Félaganna eða að Félögin beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

2.9

Bankinn skal gæta jafnræðis og trúnaðar milli Félaganna og viðskiptavina bankans

Arion banki skal tryggja að starfsmenn og/eða stjórnarmenn bankans miðli ekki viðkvæmum viðskiptalegum upplýsingum um Félögin til keppinauta þeirra sem kunna að vera eða verða í viðskiptum við bankann eða til annarra óviðkomandi aðila. Með sama hætti skal þess gætt að starfsmenn og/eða stjórnarmenn bankans miðli ekki viðkvæmum viðskiptalegum upplýsingum, s.s. um lánakjör eða þóknunir, til keppinauta Félaganna sem kunna að vera eða verða í viðskiptum við bankann.

Í þessu skyni skal bankinn m.a. tryggja að sömu aðilar innan bankans séu ekki viðskiptastjórar annars vegar Félaganna og hins vegar keppinauta þeirra, helstu viðskiptavina Félaganna eða birgja sem jafnframt eru í viðskiptum við bankann. Bankinn skuldbindur sig til að grípa til hverra þeirra annarra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja að ákvæði 1. mgr. nái fram að ganga.

3.



Opinber upplýsingagjöf um starfsemi Félaganna

Á meðan Félögin er undir yfirráðum Arion banka skulu eftirfarandi upplýsingar um starfsemi og rekstur þeirra vera aðgengilegar opinberlega, t.d. á heimasíðu Eignabjargs ehf. (eða þess eignarhaldsfélags bankans sem fara mun með eignarhlut bankans í Félögunum):

- a) Upplýsingar um skipan stjórnar Félaganna ásamt upplýsingum um framkvæmdastjóra þeirra og eftir atvikum lykilstjórnendur eftir því sem við á. Þá skal upplýsa um allar breytingar á skipan stjórnar þegar þær eiga sér stað.
- b) Upplýsingar um stærð eignarhlutar bankans og breytingar á honum, þegar þær eiga sér stað.

4.

Eftirlit með framfylgni við ákvæði sáttarinnar

Stjórn Arion banka, eða aðili í umboði hennar, skal fela óháðum aðila eða aðilum eftirlit með því að skilyrðum sáttar þessarar sé fylgt. Með óháðum aðila er hér átt við aðila sem ráðinn er af stjórninni og kemur ekki með neinum hætti að framkvæmd skilyrða sáttar þessarar eða starfsemi bankans eða eignarhaldsfélagsins sem tengist skilyrðum sáttarinnar.

Skal stjórnin tryggja að viðkomandi eftirlitsaðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt þetta eftirlit með trúverðugum hætti. Skal t.d. tryggt að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef hann telur þörf á því. Skal Arion banki upplýsa Samkeppniseftirlitið fyrir 18. október nk. um það hvernig framangreint verður tryggt.

Eftirlitsaðili skv. 1. mgr. skal senda Samkeppniseftirlitinu samantekt um eftirlitsniðurstöður sínar í lok hvers almanaksárs á eignarhaldstíma bankans. Jafnframt skal eftirlitsaðilinn taka saman lokasamantekt innan þriggja mánaða eftir að Félögin hafa verið seld úr hendi bankans fyrir tímabilið frá síðustu árlegu skýrslu fram að sölu eignarhlutanna.

5.

Önnur ákvæði

Þau skilyrði sem fram koma í sátt þessari falla niður þegar Arion banki hefur misst yfirráð yfir Félögunum.

6.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.”

Samkeppniseftirlitið



Páll Gunnar Pálsson